

FUNDARGERÐ

117. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins þriðjudaginn 8. desember 2008 kl. 12⁰⁰–14⁴⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður
Bryndís Skúladóttir (BS) Guðfinnur G. Johnsen (GGJ)
Sigurður Örn Guðleifsson (SÖG) Ögmundur Einarsson (ÖE)
Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj. Már Karlsson (MK), fundarritari.

1. Fundargerð

Lögð fram fundargerð síðasta fundar (116. fundar). Engar athugasemdir frá fundarmönnum..

2. Rekstraráætlun

Haldið var áfram umræðum frá síðasta fundi. Gert er ráð fyrir verulegum samdrætti í tekjum en minni í kostnaði. Engara hækkanir verða á úrvinnslugjaldi á árinu 2009. Stefnt að jafnvægi í rekstri vöruflokka á næstu þremur til fimm árum og að sjóður verði að jafnaði um 30% kostnaði hvers flokks.

Stjórnin er samþykk þessum forsendum rekstraráætlunar

3. Önnur mál

3.a) Erfiðar aðstæður á endurvinnslumörkuðum

Rætt um erfiðar aðstæður á endurvinnslumörkuðum m.a. með tilliti til falls krónunnar.

3.b) Olía, skilagjaldsambúðir og raftæki

- 1) Olía: Nefnd sem Umhverfissráðuneytið skipaði í ársbyrjun um framtíðarfyrirkomulag við meðferð úrgangsolíu vegna tilmæla Samkeppnisstofnunar um breytingar er enn að störfum.
- 2) Skilagjaldsambúðir: Úrvinnslusjóði ber skv. núgildandi lögum að taka við umsýslu skilagjaldsambúða 1. jan. 2010. Fyrirhugað er að framleiðendur taki sameiginlega ábyrgð á rekstri kerfisins.
- 3) Raftæki: Framleiðendaábyrgð verður virk um áramót. Sennilega tekur eitt skilakerfi við ábyrgðinni um áramótin.

Næsti fundur áformaður þriðjudaginn 6. jan. kl. 12:00 á skrifstofu Úrvinnslusjóðs.

Dreifing: stjórn Úrvinnslusjóðs og á vefsíðu Úrvinnslusjóðs